



283. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. desember 2019 kl. 12:00.

Mættir: Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Forföll: Lárus L. Blöndal forseti, Dominiqua Alma Belányi, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Lilja Sigurðardóttir, Þórey Edda Elísdóttir.

Varaforseti stýrði fundi í forföllum forseta.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Samþykkt að eftirfarandi einstaklingar taki þátt í Vetrarólympíuleikum ungmenn í Lausanne 9.-22. janúar nk. fyrir hönd Íslands:

Skíðaganga:

Einar Árni Gíslason, keppandi

Linda Rós Hannesdóttir, keppandi

Vadim Gusev, flokksstjóri/þjálfari

Alpagreinar:

Aðalbjörg Lillý Hauksdóttir, keppandi

Gauti Guðmundsson, keppandi

Grímur Rúnarsson, flokksstjóri/þjálfari

Örvar Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí verður aðalfararstjóri.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Þórey Edda Elísdóttir formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí sækja fyrri hluta leikanna og Viðar Garðarsson meðlimur í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí mun sækja seinni hluta leikanna.

2. Fagsvið ÍSí

Þráinn Hafsteinsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir verkefni sviðsins.

Viðar Garðarsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir verkefni sviðsins.

3. Formannafundur ÍSí

Framkvæmdastjóri fór yfir fundinn. Mætingin var góð og fundarmenn virtust ánægðir með þau málefni sem kynnt voru á fundinum.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með erindi Margrétar Lilju Guðmundsdóttur frá Rannsóknnum og greiningu varðandi jákvæð áhrif íþróttaiðkunar barna og ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi á líkamlega og andlega líðan og heilsufar þeirra. Rætt um leiðir til að koma niðurstöðum rannsókna R&G betur á framfæri þar sem í því felast tækifæri fyrir íþróttahreyfinguna.

Niðurstöður nefndar um stafrænt félagakerfi íþróttahreyfingarinnar ræddar en ljóst er að leita verður nýrra lausna í þessum efnunum. Skil á starfsskýrslum vegna starfsársins 2019 verða innheimt í gegnum Felix, líkt og áður.

Garðar Svansson fór yfir það helsta sem fram kom á óformlegum fundi íþróttahéraða sem haldinn var í Íþróttamiðstöðinni sama dag og Formannafundur ÍSí. Ákveðið var á fundi íþróttahéraða að koma saman stýrihópi um samstarf íþróttahéraða.

4. Skipan Heilbrigðisráðs ÍSí

Samþykkt að skipa eftirtalin í Heilbrigðisráð ÍSí fram að næsta Íþróttþingi árið 2021:

Ingi Þór Ágústsson, formaður

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Reynir Björnsson læknir

Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur

Helgi Héðinsson sálfræðingur

Skrifstofu falið að senda skipunarbréf til ofangreindra.

5. Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSí

Gunnar Bragason gjaldkeri vísaði í samþykkt framkvæmdastjórnar frá síðasta fundi um viðhengi við reglugerð sjóðsins yfir þau verk sem hægt er að úthluta styrkjum til úr sjóðnum.

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður þarfagreiningar og hönnunarvinnu sem unnin hefur verið fyrir ÍSí um mögulegar leiðir til betri nýtingu á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal og lagði fram minnisblað þar að lútandi.

Samþykkt að úthluta 6 milljónum króna úr sjóðnum vegna þessarar vinnu.

6. Umsókn ÍBR um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí

Viðar Garðarsson skýrði frá umsókn Íþróttabandalags Reykjavíkur um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí. Þróunar- og fræðsluvið ÍSí hefur staðfest umsóknina og fylgigögn.

Samþykkt að veita ÍBR vottunina og verður viðurkenningin afhent á hófi Íþróttamanns Reykjavíkur í Ráðhúsi Reykjavíkur 19. desember nk.

7. Umsókn ÍBH um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí

Viðar Garðarsson skýrði frá umsókn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSí. Þróunar- og fræðsluvið ÍSí hefur staðfest umsóknina og fylgigögn.

Samþykkt að veita ÍBH vottunina og verður viðurkenningin afhent á viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðar.

Framkvæmdastjóri skýrði stuttlega frá afhendingu gæðavottunar um Fyrirmyndarhérað ÍSí til ÍBA, sem fram fór 5. desember sl. á Akureyri. Komið hefur fram að gæðavottunin Fyrirmyndarhérað ÍSí hefur hvetjandi áhrif á íþrotta- og ungmennafélög í þeim héruðum sem hana hljóta.

8. Íþróttamaður ársins 2019

Viðburðurinn verður laugardaginn 28. desember nk. í Hörpu. Undirbúningurinn gengur vel.

9. Afrekssjóður ÍSí

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí skýrði frá ákvörðunum sem teknar voru á fundi sjóðsins 5. desember sl. Eftirfarandi úthlutanir úr sjóðnum, samtals 170 m. króna, voru samþykktar:

Fimleikasamband Íslands (FSÍ) - 30 m.kr.

Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) - 10 m.kr.

Golfsamband Íslands (GSÍ)	-	10 m.kr.
Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)	-	30 m.kr.
Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)	-	10 m.kr.
Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)	-	15 m.kr.
Skíðasamband Íslands (SKÍ)	-	10 m.kr.
Sundsamband Íslands (SSÍ)	-	10 m.kr.
Badmintonsamband Íslands (BSÍ)	-	5 m.kr.
Blaksamband Íslands (BLÍ)	-	5 m.kr.
Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ)	-	2 m.kr.
Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)	-	7 m.kr.
Júdósamband Íslands (JSÍ)	-	5 m.kr.
Karatesamband Íslands (KAÍ)	-	2 m.kr.
Keilusamband Íslands (KLÍ)	-	2 m.kr.
Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)	-	5 m.kr.
Landssamband hestamannafélaga (LH)	-	5 m.kr.
Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)	-	2 m.kr.
Skylmingasamband Íslands (SKY)	-	5 m.kr.

Andri fór yfir rekstur sjóðsins, sbr. fundargerð Afrekssjóðs frá 5. des.

10. #Églíka málefni

Framkvæmdastjóri skýrði frá aðdraganda sameiginlegrar yfirlýsingar ÍSÍ, ÍSS, ÍBA og Skautafélags Akureyrar í kjölfar blaðaumfjöllunar um málefni iðkanda í skautaíþróttum. Málið er í formlegum farvegi hjá Skautafélagi Akureyrar.

11. Íþróttaslysasjóður

Framkvæmdastjóri skýrði frá fjárhagslegri stöðu Íþróttaslysasjóðs/slysabótasjóðs.

Velferðarráðuneytið er hætt að leggja til fé í sjóðinn og voru endurgreiðslur á árinu 2019 greiddar af uppsöfnuðu fé sjóðsins.

Samþykkt að senda bréf til hreyfingarinnar og tilkynna að ekki verði tekið við nýskráningum slysa í sjóðinn eftir 1. mars nk. Áfram verður haldið að endurgreiða kostnað vegna slysa sem áður hafa verið tilkynnt til sjóðsins út árið 2020 eða þar til fé sjóðsins er uppurið.

12. Heiðranir

Engar tilnefningar um heiðranir liggja fyrir.

13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 282. fundur framkvæmdastjórnar
- Afrekssjóður 5. desember 2019
- Fjármálaráð ÍSÍ 26. nóvember 2019.

Eftirfarandi tillaga fjármálaráðs ÍSÍ um að umsýslugjöld sjóða til ÍSÍ var samþykkt:

- **Afrekssjóður ÍSÍ** **3 milljónir**
- **Ferðasjóður íþróttafélaga** **3 milljónir**
- **Íþróttaslysasjóður** **3 milljónir**

- **Framlag Afrekssjóðs ÍSÍ vegna þjónustu ÍSÍ við sjóðinn verður 10 milljónir króna.**

14. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður 30. janúar nk.

16. Önnur mál

Bocciafélag Akureyrar

Forseti fór yfir niðurstöðu dómsmáls sem Bocciafélag Akureyrar höfðaði í Héraðsdómi Reykjavíkur gegn ÍBA og ÍSÍ. Málinu var vísað frá dómi.

Í úrskurði dómara kemur fram viðurkenning á dómstólakerfi íþróttahreyfingarinnar og að þeir hafi fullnaðar lögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar og sem varða lög og reglur ÍSÍ, sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga, íþróttarfélaga eða einstakra iðkenda, eftir því sem við á. Ekki er vitað hvort að málinu verður áfrýjað af hálfu stefnanda.

Áskorun frá Íþróttamannanefnd ÍSÍ

Rætt um lýðréttindi afreksíþróttafólks.

Íþróttamannanefnd ÍSÍ, ásamt mörgum úr hópi helsta afreksíþróttafólks landsins, sendi í dag bréf til mennta- og menningarmálaráðherra og þeirra sem málið varðar þar sem óskað er eftir því að unnið verði í launa- og réttindamálum íslensks afreksíþróttafólks og þeim komið í réttan farveg, líkt og þau eru í öðrum stéttum samfélagsins.

Lög Gullfálkans

Tekin fyrir lög Gullfálkans, sem sótt hefur um aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Gerðar voru athugasemdir við lög félagsins við fyrri yfirlestur. Nú hafa lög félagsins verið lagfærð með hliðsjón af athugasemdum ÍSÍ. Lög félagsins samþykkt með áorðnum breytingum.

Lög Knattspyrnufélagsins Skandinavíu

Tekin fyrir lög Knattspyrnufélagsins Skandinavíu, sem sótt hefur um aðild að Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Gerðar voru athugasemdir við lög félagsins við fyrri yfirlestur. Nú hafa lög félagsins verið lagfærð með hliðsjón af athugasemdum ÍSÍ. Lög félagsins samþykkt með áorðnum breytingum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari